

Nd.

97. Frumvarp til laga

[88. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni, frá því að þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verð, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, er þingflokkarnir tilnefni hver einn mann í, samþykkt það mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrst fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunar-efnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera hlutafélag. Höfðu þó nefndir þær, sem um málið fjölluðu í báðum deildum, lagt til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, verksmiðjan ótvíræð ríkiseign og ríkisrekin. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögín líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Á síðustu árum hafa hins vegar verið gerðar tilraunir til þess að túlka lögín þannig, að hlutafélagið ætti verksmiðjuna. Og á þessu þingi liggja beinlínis fyrir tillögur um að gefa einkaaðilum hana með því að láta þá kaupa á nafnverði hlutabréf, sem væru, ef hlutafélagið ætti hana, tvítugföld að verðmæti miðað við nafnverð.

Verksmiðjan mun nú vera 245 millj. kr. virði.

Þetta frv. er flutt til þess að taka af öll tvímæli um það, að þetta stærsta fyrirtæki Íslands er ríkiseign. Tilgangur þessa frv. er að vernda almenningseign gegn ásókn einstakra aðila, er sölsa vilja eign þessa undir sig.

Ég hef áður flutt þetta frv. í svipuðu formi og mun skýra allar aðstæður nánar í framsögu.